

Nr. 40.  
24.  
desbr.

## Auglýsing

um

að hinum innlendu innleysanlegu ríkisskuldabréfum með  $3\frac{1}{2}$  hundruðustu í vöxtu, er gefin voru út samkvæmt lögum 12. nóvember 1886, sje sagt upp til útborgunar 11. marz 1898.

Fjármálastjórnin hefur 27. f. m. gefið út svofellda auglýsing:

Samkvæmt heimild þeirri, er veitt er til þess með lögum 27. nóvember 1897 uppsegir fjármálastjórnin hjermeð til útborgunar 11. marz 1898 hinum innlendu innleysanlegu ríkisskuldabréfum með  $3\frac{1}{2}$  hundruðustu í vöxtu, er gefin voru út samkvæmt lögum 12. nóvember 1886.

Ríkisskuldabréf þau, er þannig er sagt upp, verða borguð með vöxtum til 11. marz 1898, en frá þeim tíma fellur niður leiga af þeim.

Útborgun á ríkisskuldabréfunum með ákvæðisverði þeirra og á áföllnum vöxtum fyrir ársfjórðunginn frá 11. desember 1897 til 11. marz 1898 fer fram við þjóðbankann í Kaupmannahöfn gegn því, að skuldabréfunum verði skilað ásamt leigumiðum þeirra fyrir alla gjalddaga eptir 11. desember 1897, og með »talons» (klippingastofnum).

Um leið og stjórnarráðið birtir þessa auglýsing öllum þeim, er hlut eiga að máli, skal því við bætt, að samkvæmt samkomulagi við fjármálastjórnina er svo til hagað til hægðarauka fyrir þá, er á Íslandi eru, og hafa í höndum ríkisskuldabréf þau, er auglýsingin getur um, að þeir, er vilja, geti fengið þau innleyst við jarðabókasjóðinn í Reykjavík í stað þjóðbankans.

*Í stjórnarráði Íslands, 24. desember 1897.*

*Rump.*

*Ólafur Halldórsson.*

## Bekendtgørelse

Nr. 40.  
24de  
Decbr.

angaaende

Opfigelse til Udbetaling til 11te Marts 1898 af de i Medhold af Lov af 12te November 1886 udstedte amortisable  $3\frac{1}{2}$  pCt. Rente bærende indenlandske Statsobligationer.

Finansministeriet har under 27de f. M. udstedt en Bekendtgørelse af følgende Indhold:

I Kraft af den ved Lov af 27de November 1897 givne Bemyndigelse opfiger Finansministeriet til Udbetaling den 11te Marts 1898 de i Medhold af Lov af 12te November 1886 udstedte amortisable  $3\frac{1}{2}$  pCt. Rente bærende indenlandske Statsobligationer.

De optagne Obligationer udbetales med Renter indtil 11te Marts 1898, fra hvilken Tid Forrentningen ophører.

Udbetalingen af Obligationerne med deres paalydende Kapitalbeløb samt af de for  $\frac{1}{4}$  Aar fra 11te December 1897 til 11te Marts 1898 paaløbne Renter sker ved Nationalbanken i Kjøbenhavn imod Aflevering af Obligationerne med dertil hørende Kupons for alle Terminer efter 11te December 1897 og Talon.

Idet foranstaaende herved bekendtgøres for alle Vedkommende, tilføjes, at man efter Overenskomst med Finansministeriet til Lettelse for Indehavere af de heromhandlede Obligationer i Island har truffet Foranstaltning til, at disse, om ønskes, ville blive modtagne til Indløsning ved Fordebogskassen i Reykjavik i Stedet for ved Nationalbanken.

Ministeriet for Island, den 24de December 1897.

*Rump.*

*Ólafur Halldórsson.*